



ÆFINGAGJÖLD OG SKRÁNING



Skráning iðkenda

- Allir iðkendur í yngri flokkum Knattspyrnudeildar Keflavíkur þurfa að vera skráðir og miðast tímabilið við lok september og út ágúst næsta ár.
- Forráðamenn skrá sín börn inn í Nóra skráningakerfið og þarf að endurnýja skráningu árlega.
- Skráningar fara áfram fram í gegnum Nóra skráningarkerfið sem hægt er að nálgast á [heimasíðu Keflavíkur](#) eða á slóðinni <https://keflavik.felog.is/>.

Æfingagjöld sept.2020 til og með ágúst 2021

- 3. – 6.flokkur – kr .94.600,- (3.-10.bekkur)
- 7.flokkur – kr. 60.500,- (1.-2.bekkur)
- 8.flokkur - (leikskólabörn) nánari upplýsingar fást með því að senda póst á netfangið: fotbolti_keflavik8fl@simnet.is
- Systkinaafsláttur 12,5%
- Gjaldið er fast óháð æfingasókn iðkenda.

ATH! Æfingagjöld hækka um 10% ef skráð er eftir 31.október

Greiðslur:

- Kreditkort – hægt að skipta greiðslum niður á 1 – 11 greiðslur (engin færslugjöld)
- Greiðsluseðill (skipt niður á 10 greiðslur, nema í 7.flokki þar sem hámarkið er 9 greiðslur) í byrjun hvers tímabils. Athugið að greiðsluseðlar eru sendir í gegnum Motus og leggst seðilgjald á hvern reikning auk þess sem vextir reiknast á greiðsluseðla séu þeir greiddir eftir gjalddaga.
- Greiðslur æfingagjalda eru forsenda þess að iðkandi megi taka þátt í æfingum og mótum/leikjum.**

Iðkandi hættir:

- Þegar iðkandi hættir skal senda tilkynningu í tölvupósti á kefgjold@gmail.com þar sem fram kemur nafn og kennitala iðkandans.
- Æfingagjöld falla niður frá næstu mánaðamótum eftir að forráðamaður hefur tilkynnt með tölvupósti að iðkandi sé hættur. Ekki nóg að láta þjálfara vita.
- Æfingagjöld ekki endurgreidd afturvirk.**

Hvatagreiðslur:

- Listi yfir þá iðkendur sem greitt hafa því sem nemur upphæð hvatagreiðslu á árinu eru sendir á Reykjanesbæ mánaðarlega.
- Forráðamenn geta sótt um hvatagreiðslur á mittreykjanes.is þegar æfingagjöld hafa verið greidd að lágmarki 35.000 kr.

Ferðakostnaður og mótakostnaður

- Er greiddur af iðkendum, kostnaðurinn er misjafn eftir því í hvaða flokki iðkandi er og hver verkefnin eru. Barna- og unglingaráð greiðir ferðakostnað þjálfara í keppnisferðum vegna Íslands- og Faxaflóamóts ekki öðrum mótum.

Keppnisbúningur

- Barna- og unglingaráð leggur iðkendum til keppnisbúning (treyju og stuttbuxur) þar sem búningataska fylgir í 3. til 8. Flokki.
- Keflavík spilar í dökkbláum Nike fótboltasokkum og RKV (3.-5.fl. stúlkna) í hvítum. Iðkendur þurfa að eiga slíka fótboltasokka en þá er hægt að kaupa hjá barna- og unglingaráði.

Um innheimtu æfingagjalda sér Elísabet L. Björnsdóttir, upplýsingar í netfanginu kefgjold@gmail.com.